

Nr. 52.
30.
nóvbr.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódoms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

[Í lögum 22. nóvbr. 1913 um sjódoma og rjettarfar í sjómálum var 16. gr. svohljóðandi: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.]

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 53
30.
nóvbr.

L ö g

um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá
22. nóvbr. 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins »Eimskipafjelag Íslands« í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Ísleudingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.